

ar. Þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 330.000.00. Er stefndi dæmdur til að gjalda stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, svo sem krafist er.

Með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sigurði Kristmundssyni, kr. 330.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 12. desember 1974.

Nr. 118/1973: **Regio h/f**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík**

(Guðm. V. Jósefsson hrl.)

**Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f**

(Benedikt Blöndal hrl.)

**Unnsteini Beck skiptaráðanda og**

**Snjólaugu Ólafsdóttur,**

**fulltrúa yfirborgarfógeta.**

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Legi Einarsson.

Úrskurður um gjaldþrotaskipti staðfestur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Snjólaug Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. ágúst 1973. Krefst hann þess, að „hinn áfrýjaði úrskurður og málsmeðferð í héraði verði felld úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f. Á hendur stefndu Unnsteini Beck og Snjólaugu Ólafsdóttur hefur áfrýjandi engar kröfur gert.

Stefndi Gjaldheimtan í Reykjavík krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi Sigríðar Sigurðardóttur, stjórnarformanns áfrýjanda.

Af hálfu stefndu Unnsteins Beck og Snjólaugar Ólafsdóttur eru engar kröfur gerðar.

Með bréfi 26. febrúar 1973 fór stefndi Gjaldheimtan í Reykjavík þess á leit, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en árangurslaust lögtak fyrir opinberum gjöldum hafði verið gert hjá áfrýjanda 5. október 1972. Með kvaðningu 27. febrúar 1973, birtri 6. mars s. á., kvaddi skiptaráðandinn í Reykjavík stjórnarformann og annan meðstjórnanda áfrýjanda til að sækja dómþing skiptaréttar Reykjavíkur, sem háð yrði 16. mars 1973, en þá yrði beiðnin um gjaldþrotaskipti tekin fyrir.

Með bréfi 9. mars 1973 fór stefndi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f þess á leit, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en árangurslaust fjárnám hafði verið gert hjá áfrýjanda 7. febrúar 1973.

Gjaldþrotaskiptamál þetta var tekið fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 16. mars 1973. Var sótt þing af hendi stefndu Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f. Fyrir dóminn kom prókúruhafi áfrýjanda. Er bók að í þingbók, að þar sem maður þessi væri „hvorki í stjórn félagsins né skráður forsvarsmaður þess á annan hátt, tilkynnti skiptaráðandi honum, að hann gæti ekki tekið hann

gildan sem forsvarsmann félagsins fyrir dómi“. Var málið síðan tekið til úrskurðar að kröfu stefnda Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp 16. maí 1973.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar fór fram uppskrift á búi áfrýjanda 21. maí 1973. Hinn 22. maí 1973 komu formaður stjórnar áfrýjanda og annar meðstjórnandi svo og nefndur prókúruhafi fyrir skiptaréttinn, og var það sammæli þeirra, að áfrýjandi væri eignalaus.

Sannað er með hinum árangurslausu lögtaks- og fjárnámsgerðum og skýrslum fyrrnefndra stjórnarmanna og prókúrhafa áfrýjanda fyrir dómi, að áfrýjandi átti ekki eignir til greiðslu skulda sinna. Var því rétt að taka bú áfrýjanda til gjaldþrotaskipta, sbr. 3. tl. 1. gr. laga nr. 25/1929. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, enda verður ekki talið, eins og máli þessu er háttað, að á honum séu þeir formgallar, að ómerkingu varði.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Gjaldheimtunni í Reykjavík málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Ekki þykja efni til að taka til greina málskostnaðarkröfu stefnda Sjóvátryggingarfélagss Íslands h/f.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Regio h/f, greiði stefnda Gjaldheimtunni í Reykjavík málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 16. maí 1973.

Fram er komin beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um, að bú Regio h/f, Laugavegi 48, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Í réttinum liggur frammi staðfest endurrit árangurslausrar lögtaksgerðar hjá gerðarþola, en af hans hálfu hefur ekki verið sótt þing þrátt fyrir löglega birt fyrirskall.

Bú gerðarþola er því tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

## Úrskurðarorð:

Bú Regio h/f er tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

---

Mánudaginn 16. desember 1974.

Nr. 26/1974: **Ingibjörn Steingrímsson og  
Samvinnutryggingar**  
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)  
gegn  
**Júlíusi Friðriki Magnússyni**  
(Benedikt Blöndal hrl.).

**Dómenndur:**  
hæstaréttardómararnir **Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og  
Logi Einarsson.**

Bifreiðar. Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 31. janúar 1974. Krefjast þeir þess, að þeim verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 27.400.70 auk 7% ársvaxta frá 5. júlí 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, meðal annars myndir af vettvangi og bréf frá skrifstofu bæjarverkfræðingsins á Akureyri, dags. 23. september 1974, þar sem segir, að vegur sá, sem áreksturinn varð á, teljist opinber vegur og sjái Akureyrarkaupstaður um viðhald hans.